í dag í kvöld

Nýjar kvikmyndir í bíóum borgarinnar:

„Á sama tíma að ári" og kynbomban Farrah Fawcett

kvikmyndir



Umsjón: Elías Snæland Jónsson.

Nokkrar nýjar myndir hófu göngu sína í bíóunum síðustu daga, en jólamyndirnar svonefndu hafa fram að þessu verið sýndar á öllum sýningum og margar líkað mjög vel.

Ýmsir hafa vafalaust áhuga á að sjá „Að sama tíma að ári" í Laugarásbíó, þótt ekki væri nema til að bera myndina saman við uppfærslu leikritsins hér um árið. Kvikmyndin hefur fengið mjög góða dóma og aðalleikararnir Ellen Burstyn og Alan Alda, (sem hérlendir sjónvarpsgláparar þekkja vel úr „M.A.S.H".), þykja skila sínum hlutverkum mjög vel.

Myndin segir frá Doris og George, sem hittast af tilviljun á hóteli. Þau eru hamingjusamlega gift, en ekki hvort öðru. Þau elskast og skilja, en hittast svo nokkrum sinnum aftur með nokkurra ára millibili, og lýsir myndin þannig lífsferli þeirra.

Þá fá Reykvíkingar tækifæri til að líta á eina helstu kynbombu þeirra vesturheimsku í A-sal Regnbogans, en þar eru hafnar sýningar á „Sólbruna". Aðalhlutverkið leikur Farrah Fawcett, sem varð kynbomba Bandaríkjamanna er hún lék í frægum sjónvarpsþáttum, „Charlies Angels". Hún hætti því fyrir nokkrum árum og fór að leika í kvikmyndum með misjöfnum árangri. Joan Collins gleður einnig augað í þessari mynd, sem fjallar um tryggingasvindl og önnur afbrot.

Borgarbíó sýnir „The Pack", sem þykir haganlega gerður hrollvekjuþriller. Myndin gerist á sumarleyfiseyju, Seal Island, og fjallar um hunda, sem sumarleyfisgestirnir skilja eftir á eyjunni og fyrir illsku mannanna breytast þeir í ógnvekjandi og mannvígan hóp villidýra.

—ESJ



Farrah Fawcett í „Sólbruna" gefur Bo Derek í „10" lítið eftir hvað útlit snertir.

Vetrarmynd – hressileg sýning ellefu listamanna

Vetrarmynd er samsýning 11 íslenskra listamanna, sem verður opnuð í dag klukkan 15 í Vestursal Kjarvalsstaða.

Sýningin er sú þriðja í röðinni á vegum hópsins, sem var stofnaður 1977. Þetta er fjölbreytt sýning, enda eru hér á ferðinni verk ólíkra listamanna, en það er í samræmi við stefnu þá, sem ráðið hefur á fyrri sýningum, að fulltrúar ólíkra listastefna héldu saman sýningu og jafnan ætti sér stað nokkur endurnýjun í hópi sýnenda. Þeir sem sýna að þessu sinni eru Baltasar, Bragi Hannesson, Einar Þorlaksson, Haukur Dór, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Níels Hafstein, Sigríður Jónannsdóttir, Sigurður Örlygsson og Þór Vigfússon.

Verkin á sýningunni hafa flest verið unnin á síðastliðnum tveim árum og hafa ekki verið sýnd áður. Þau eru 91 að tölu af af ýmsum toga, olíumyndir, skúlptúr, krítarmyndir, teikningar, vefnaður, og myndir unnar með blandaðri tækni.

Sýningunni lýkur fyrsta febrúar.

„Samstarfið hefur þróast gegnum árin"

Hjónin Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir eiga nokkur vefnaðarverk á sýningunni, sem þau hafa unnið í sameiningu.

..Við höfum unnið saman í þrjú ár og sýnt einu sinni áður, en það var á Haustsýningunni '79," sagði Sigríður, „annars hef ég unnið í ein tíu ár í glerinu hjá Leifi, svo þetta er eiginlega framhald af þeirri samvinnu, enda eru gárungarnir farnir að kalla fyrirtækið Glerull."

— Hvernig skiptið þið með ykkur verkum?

„Ja, við vinnum bæði að mótifunum og litasamsetningunum, en svo sér Sigríður að heita má eingöngu um vinnuhliðina eða útfærsluna," sagði Leifur.

— Og hvernig hefur samstarfið gengið?

„Mjög vel, það er gaman að vinna þetta svona saman."

— Vinnið þið eitt verk í einu?

„Nei, við vinnum svona átta til tíu verk í einu."

Frá hvaða tíma eru þessi verk?

„Þau eru öll frá síðasta ári. Eitt verkanna hér vorum við reyndar að klára rétt í þessu,"

— Og hvað er framundan hjá ykkur?

„Okkur hefur verið boðið að sýna í Háselby í Stokkhólmi í mars, en það er samsýning 10

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Oliver Twist
eftir sögu Charles Dickens í leikgerð Árna Ibsen
Leikmynd: Messiana Tómasdóttir
Lýsing: Kristinn Daníelsson
Leikstjóri: Briet Héðinsdóttir
Frumsýning í dag kl. 15
sunnudag kl. 15

Blindisleikur
í kvöld kl. 20
sunnudag kl. 20
miðvikudag kl. 20
Fáar sýningar eftir

Miðasala 13.15-20.
Sími 1-1200

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Rommí
í kvöld uppselt
fimmtudag kl. 20.30

Ofvitinn
sunnudag kl. 20.30
miðvikudag kl. 20.30
föstudag kl. 20.30

Miðasala í Iðnó kl. 14-20.30.
Sími 16620.

GETIÐ


Í AUSTURBÆJARBÍÓI
í kvöld kl. 24.00

Miðasala í Austurbæjarbíói kl. 16-24. Sími 11384

Kópavogsleikhúsið

LEIKFÉLAG KÓPAVOGS

Hinn geysivinsæli gamanleikur



Þorlákur þreytti

Sýndur á ný vegna fjölda áskoranna og óstöðvandi aðsóknar, í kvöld kl. 20.30. UPPSELT.
Næsta sýning fimmtudag kl. 20.30.

Sprenghlægileg skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Miðasala í Félagsheimili Kópavogs frá kl. 18-20.30 nema laugardaga frá kl. 14-20.30. Sími 41985.

Ath. hægt er að panta miða allan sólarhringinn í gegnum sjálfvirkann símsvara, sem tekur við miðapöntunum.

NÝJA BÍÓ

Óvætturinn

ALIEN




Allir sem með kvikmyndum fylgjast þekkja „Alien"; ein af best sóttu myndum ársins 1979. Hrottalega spennandi og óvenjuleg mynd í alla staði og auk þess mjög skemmtileg, myndin skeður á geimöld án tíma eða rúms. Aðalhlutverk: Tom Skerritt, Sigourney Weaver og Yaphet Kotto.
Íslenskir textar.
Bönnuð fyrir börn yngri en 16 ára.
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.

TÓNABÍÓ
Sími 31182
HAROLD ROBBINS'



Spennandi og skemmtileg mynd gerð eftir samnefndri metsölubók Harold Robbins.
Leikstjóri: Daniel Petrie
Aðalhlutverk: Laurence Olivier, Robert Duvall, Katherine Ross.
Sýnd kl.5 - 7.30 og 10.
Bönnuð börnum innan 16 ára.

AUSTURBÆJARBÍÓ
Sími 11384
„10"



Heimsfræg bráðskemmtileg ný, bandarísk gamanmynd í litum og Panavision. International Film Guide valdi þessa mynd 8. bestu kvikmynd heimsins s.l. ár.
Aðalhlutverk: Bo Derek, Dudley Moore, Julie Andrews. Tvímælalaust ein besta gamanmynd seinni ára.
Sýnd kl. 7 og 9.15.
Ísl. texti Hækkað verð

VEIÐIFERÐIN

Fjölskyldumyndin vinsæla.
Meðal leikenda:
Sigurður Karlsson, Sigríður Þorvaldsdóttir, Pétur Einarsson, Árni Ibsen, Halli og Laddi.
Sýnd kl. 5.
Verð kr. 25.00.

Hægt er að vera á hálum ís þótt hált sé ekki á vegi. Drukknum manni er voði vís víst á nótt sem degi.

UMFERÐAR RÁÐ

LAUGARÁS BÍÓ
Sími 32075
XANADÚ



Viðfræg og fjörug mynd fyrir fólk á öllum aldri, sýnd í Dolby Stereo.
Sýnd kl. 5 og 7 laugardag.
Kl. 3, 5 og 7 sunnudag.

Á sama tíma að ári



Ný bráðfjörug og skemmtileg bandarísk mynd gerð eftir samnefndu leikriti sem sýnt var við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Aðalhlutverkin eru í höndum úrvalsleikaranna: Alan Alda (sem nú leikur í Spítalalíf). og Ellen Burstyn. Íslenskur Texti.
Sýnd kl. 9 og 11.10

VERÐLAUNAGRIPIR OG FÉLAGSMERKI

Fyrir allar tegundir íþrótta, bikarar, styttur, verðlaunapeningar. — Framleiðum félagsmerki



Magnús E. Baldvinsson
Laugavegi 8 – Reykjavík – Sími 22804